Sampykkt þann

11 MAY 2011

Byggingafulltrúinn í Hafnarfirði
F.h. Sigurður Steinar Jónsson

Úr Gildi




AFSTÖÐUMYND
1:500

Byggingarlýsing:

Sótt er um leyfi til að byggja viðbyggingu (sólstofu) norðan við húsið Álfaskeið 59. Sólstofan verður einnar hæðar bygging með einhliða þakhalla. Sökklar sólstofunnar og gólfplata verða steinsteypt.

Þak og veggir
Þak og veggir sólstofunnar verða byggðir úr límtré. Þakið verður klætt með borðaklæðningu, þakpappa og bárujárni ofan á límtrésperrur.

Loftbil 25 mm verður myndað neðan við borðaklæðninguna með 4 mm þykkum masonítplötum.

Neðan við masonítið, milli sperranna verðu sett 150 mm steinullareinangrun.

Rakavarnardúkur verður settur neðan við sperrurnar og einangrunina sem þéttlímdur verður saman á samskeytum.

Lagnagrind 32 mm verður skrúfuð neðan við rakavarnardúkinn og loftið síðan klætt að neðan með 12 mm viðarklæðningu.

Veggir verða með burðarvirki úr límtré sem klæddir verða með 22 mm þykkum krossvið sem eru skrúfaðar í lím utan á límtréstoðirnar. Utan á krossviðinn kemur síðan veggpappi og 2 mm þykk slétt álklæðning.

Gluggar verða glerjaðir í þar til gerða álramma sem festast beint utan á límtrésstoðirnar. Ytra borð glers verður í sama fleti og ytra borð álklæðningar og koma þar til gerðir skrúfaðir állistar sem falla þétt að glerinu og álklæðningunni.

Innan við krossviðarklæðninguna, milli stoða, kemur 150 mm þykk steinullareinangrun, rakavarnarlag og 32 mm lagnalistar. Lagnalistar verða klæddir með 12 mm gifsplötum og plötuklæðningu sem innstu klæðningu.

Arinn frá viðurkenndum framleiðenda verður settur upp í sólstofunni. Gengið verður frá undir honum, kringum hann og reykröri frá honum í fullu samræmi við byggingarreglugerð.

Lagðar verða gólfhitalagnir í gólfílögn sólstofunnar og síðan verður gólf sólstofunnar flísalagt.

Húsið Álfaskeið 59 var upphaflega teiknað af Friðþjófi Sigurðssyni árið 1956.

Stærðir:

| | Flatarmál | Rúmmál |
|---|---|---|
| Stærð viðbyggingar | 42,1 m2 | 141,3 m3 |
| Heildarstærð húss | 183,6 m2 | 712,6 m3 |

Nýtingarhlutfall lóðar 0,28

VERKÍS

www.verkis.is - sími: +354 422 8000

SAMÞYKKT:

| ÚTG | DAGS | SKÝRINGAR | TEIK | HANN | RÝNT | SAMÞ |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2011-05-03 | Bygginganefnd | ÁFV | RK | SE | RK |

ÁLFASKEIÐ 59, HAFNARFIRÐI
VIÐBYGGING
Aðalteikningar
Afstöðumynd og byggingarlýsing

VERKFANG 11103 TEIKNING C40.002 1

© Öll afnot og afritun teikningar, að hluta eða í heild er háð skriflegu leyfi höfunda